

## Ágætu fundargestir

Þó ég sé titlaður stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins í dagskránni ætla ég að í erindi mínu að deila með ykkur reynslu minni sem samningamaður ríkisins sem eiganda nýju bankanna, í samningum við gömlu bankana og þeirra sem telja sig eiga kröfur á þá. Samhliða samningum við kröfuhafa hefur fjárhagsskipan bankanna og eiginfjármögnun verið ákveðin og mun ég einnig gera nokkra grein fyrir því. Tekið skal fram að stjórnendateymi nýju bankanna tóku drjúgan þátt í þessari vinnu og ber að þakka þeim fyrir það.

Meginmarkmið ríkisins í þessu verkefni voru þrjú:

- Að koma upp innlendu bankakerfi sem hefði fjárhagslegan styrk til að styðja við enduruppbyggingu atvinnulífsins og veita almenningi bankaþjónustu.
- Að kröfuhafar fengju sanngjarna greiðslu fyrir þær eignir sem yfirfærðar voru frá gömlu bönkunum.
- Að reynt yrði að tryggja að ríkissjóður fengi hæfilega ávöxtun af eiginfjárframlagi sínu jafnframt sem því sem reynt yrði að hafa fjárútlát ríkissjóðs vegna eiginfjármögnunar bankanna sem minnst.

Að mati stjórnvalda og nýju bankanna stefnir í að þessi þrjú meginmarkmið verið þokkalega vel uppfyllt í þeim samningum sem gerðir hafa verið og einnig þeim samningum sem senn fer að ljúka í tilfalli Landsbankans.

Efnahagsreikningar bankanna þriggja í árslok 2008 eru samtals um 2.300 ma króna. Tveir þeirra, Íslandsbanki og Arion banki, eru þá nánast jafnstórir með um 650 ma króna efnahag en Landsbankinn er ívið stærrí með um 1.000 ma króna efnahag. Efnahagur bankanna hafði um síðustu áramót stækkað nokkuð í krónum talið frá falli gömlu bankanna, aðallega vegna veikingar krónunnar á tímabilinu. Á árinu 2009 bætast síðan við innlán SPRON og starfsemi SPM hjá Arion banka og innlán Straums hjá Íslandsbanka sem minnkar bilið milli þeirra og Landsbankans.

Eiginfjármögnun bankanna er byggð á nýjustu viðmiðum eftirlitsaðila bæði austan hafs og vestan sem þróaðar hafa verið í kjölfar fjármálakreppunnar. Í stuttu máli sagt er gert ráð fyrir að bankarnir eigi að standa eftir með að minnsta kosti 4% eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárbætti A, sem kallað er Core Tier 1 Capital Ratio á ensku, eftir að beitt hefur verið ströngum álagsprófum á rekstur þeirra og efnahag. Álagspróf sem gerð hafa verið sýna að tapast gætu allt að 8% af eigin fé bankanna við verstu skilyrði. Þar af leiðandi er talið nauðsynlegt að fjármagna bankana upp í 12% hlutfall af áhættugrunni skv. eiginfjárbætti A. Í tilfalli bankanna þriggja er um að ræða samtals 292 ma króna, 65 ma króna í Íslandsbanka, 72 ma króna í Arion banka og 155 ma króna í Landsbankanum. Af hlutfjárframlagi Landsbankans munu kröfuhafar standa undir 28 ma króna og ríkissjóður 127 ma króna eða 82%. Í fyrstu er framlag ríkisins til eiginfjármögnunar bankanna því 264 ma króna.

Fjármögnun ríkisins er í formi skuldabréfa með breytilegum vöxtum sem henta bönkunum vel. Skuldabréfin eru veðhæf hjá Seðlabanka Íslands og því mikilvæg í lausafjárstýringu bankanna.

Víkjum þá aftur að samningum við kröfuhafa. Ljóst var frá upphafi að ekki myndi nást samkomulag um verðmat þeirra eigna sem yfirfærðar voru. Því er í öllum samningunum gert ráð fyrir skilyrtum skuldabréfum, þ.e.a.s. skuldabréfum sem nýju bankarnir gæfu út til gömlu bankanna ef í ljós kæmi síðar að verðmæti eignanna yrði meira en nýju bankarnir sjálfir gerðu ráð fyrir, en upprunalegt verðmat er aldrei hærri en nýju bankarnir sjálfir eru sáttir við. Þannig er í samningunum brúað bilið á mismunandi álitum samningsaðila á verðmæti eigna.

Hin fullkomna hlutdeild í væntri verðmætaaukningu bankanna er þó að sjálfsgöðu eignarhald á þeim. Kröfuhafar Glitnis og Kaupþings, sem eru skuldabréfaeigendur að meirihluta til, hafa verið opnir fyrir þessum möguleika og hafa samningar við þessa aðila því verið á þann veg að þeir hefðu kost á að eignast meirihluta í nýju bönkunum ef þeir kysu svo að aflokinni áreiðanleikakönnun.

Nú hefur Glitnir ákveðið að leysa til sín 95% af hlut ríkisins í Íslandsbanka og Kaupþing hefur möguleika á að leysa til sín 87% af hlut ríkisins í Arion banka í síðasta lagi 30. nóvember nk. Um er að ræða 125 ma kr. sem myndi minnka hlutafjárframlag ríkisins til bankanna í 140 ma kr. ef af yrði. Þó er rétt að geta þess að ef Glitnir og Kaupþing gerast meirihlutaeigendur nýju bankanna verður eiginfjárgrunnur þeirra styrktur enn frekar með víkjandi lánum frá ríkinu sem munu nema samtals um 50 ma kr. og hækkar eiginfjárgrunnur þeirra þá úr 12% í 16%, en víkjandi lán teljast til eiginfjárbáttar B, eða Tier 2 capital eins og það heitir á ensku. Viðmiðun stjórnvalda hefur verið að ríkið gæti staðið undir allt að 35% af heildarfjármögnun þessara banka, í formi víkjandi lána og minnihlutaeignaraðildar. Auk þessa leggur ríkið bönkunum til lausafjárstuðning ef á þarf að halda til að veða á móti því að hluti þeirra ríkisskuldabréfa sem notuð voru til að greiða hlutaféð verða dregin til baka.

Hluti af eiginfjárbörf bankanna er til komin vegna markaðsáhættu og þá aðallega vegna gjaldeyrismissvægis í efnahagsreikningum þeirra. Við yfirtöku á innlánum sem aðallega voru í krónum og útlánum sem að meginhluta til voru í erlendum myntum varð til gjaldeyrismissvægi í efnahagsreikningum nýju bankanna sem nauðsynlegt var að leiðrétta. Engin einföld lausn er á því vandamáli þar sem bankarnir hafa ekki aðgang að erlendu lánsfé til fjármagna erlend útlán sín. Með þessu missvægi er ljóst að bankarnir fá gengishagnað ef krónan veikist. Að sama skapi er ljóst að greiðslugeta þeirra lántakenda sem eru með gengistryggð lán en tekjur í krónum vex ekki þó að krónan veikist. Fjárhæð samsvarandi hækkun slíkra lána vegna veikingar krónunnar þarf því að leggja í afskriftarsjóð á móti höfuðstólshækkun lánsins.

Niðurstaða þessa er sú að bankarnir hafa enga leið aðra en að skuldbreyta gengistryggðum lánum sínum til þeirra aðila sem eingöngu hafa tekjur í íslenskum krónum í krónulán á næstu misserum. Það væri of mikil áhætta fyrir bankann að fjármagna slík lán með erlendum lántökum eða með öðrum skuldastýringar-aðgerðum.

Góðir tilheyrendur,

Ég hef því miður ekki tíma til að fara nánar ofan í saumana á fjárhagsskipan bankanna þó vissulega sé þar margt áhugavert. Meginniðurstaðan er sú að bankarnir eru að verða fullfjármagnaðir af hendi ríkisins eða kröfuhafa og eiga að vera þess fullfærir að takast á við skuldaúrvinnslu og fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina sinna. Grundvöllur er því kominn að því að endurskapa traust á fjárhagslegri stöðu bankanna en traustið að öðru leyti verða bankarnir sjálfir að endurskapa með verkum sínum.

Meginsjónarmiðið er að bankarnir eiga að gera sem mest úr þeim eignum sem þeir hafa í sínum efnahagsreikningum og skila þannig hæfilegri arðsemi til eigenda sinna af því fé sem lagt hefur verið fram. Bankakerfið hefur svigrúm innan þess verðmats sem lagt var til grundvallar í samningunum við gömu bankana en verða að öðru leyti að starfar samkvæmt þeim lögmaðlum sem um bankarekstur gilda. Þó að ríkið hafi, um stundarsakir, neyðst til að ríkisvæða bankana gilda þau lögmaðl áfram. Hið félagslega kerfi starfar eftir öðrum lögmaðlum. Þessu tvennu má ekki rugla saman.

Fundur Viðskiptaráðs Íslands, 26.11.2009.

Þorsteinn Þorsteinsson, stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins